

STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2016, 4. apríl, var haldinn 36. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi og hófst kl. 13.42. Fundinn sátu Halldór Auðar Svansson, Eva Einarsdóttir, Skúli Helgason, Marta Guðjónsdóttir, Hildur Sverrisdóttir og áheyrnarfulltrúinn Eyrún Eypórsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Hreinn Hreinsson, Óskar Jörgen Sandholt, Helga Björg Ragnarsdóttir og Theódóra Sigurðardóttir. Fundarritari var Theódóra Sigurðardóttir

Þetta gerðist:

1. Lögð fram til kynningar drög að erindisbréfi stýrihóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar.
2. Lagður fram tölvupóstur upplýsingastjóra Reykjavíkurborgar vegna kynningaráætlunar Betri hverfa 2016, dags. 1. apríl 2016.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Hildur Sverrisdóttir og Marta Guðjónsdóttir, ítreka afstöðu sína um að betur færi á því að verkefnin Betri hverfi og Betri Reykjavík séu sett á bið að lágmarki í eitt ár svo hægt að sé að rýna heildstætt þær athugasemdir sem koma fram í nýlegri úttekt Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála. Þar kom til að mynda fram að markmiðs- og árangurssetningar verkefnanna væru óskýr og þá sérstaklega með tilliti til kostnaðar við verkefnin. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að betur færi á því að gera heildstæðar breytingar í því góða tómi sem myndi skapast með því að verkefnin séu á bið í staðinn fyrir að fara út í framkvæmd og allan kostnað sem því fylgir núna – fyrir utan þann augljósa kost að með því myndi sparast það fjármagn sem ættu að fara í verkefnin í þetta eina ár sem borgarsjóði er ekki vanþörf á.

3. Lagt fram svar borgarritara, dags. 18. mars 2016, við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks varðandi íbúakönnun Gallup, sbr. 8. lið fundargerðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs frá 8. febrúar 2016.
4. Lögð fram tillaga Sjálfstæðisflokksins dags. 7. mars sl. um að drög að úttekt Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála um verkefnin Betri Reykjavík og Betri hverfi verði gerð opinber.

Samþykkt samhljóða.

5. Fram fer umræða um sameiginlegan opinn fund stjórnkerfis- og lýðræðisráðs og mannréttindaráðs. Fundurinn verður haldinn 28. apríl 2016.

Fundi slitið kl. 14.05

Halldór Auðar Svansson

Eva Einarsdóttir
Hildur Sverrisdóttir

Skúli Helgason
Marta Guðjónsdóttir